

Nd.

7. Frumvarp til laga

[7. mál]

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

V. kafli. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. breytist þannig:

a) 2. málslíður 4. mgr. 30. gr. orðist svo:

Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga félagsins.

b) 1. mgr. 32. gr. orðist svo:

Engan má kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og sé fjár síns ráðandi. Þá má hluthafafundur eigi kjósa neinn þann í stjórn hlutafélagsins, sem eigi á hlut í félaginu og eigi fullnægir lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka, og til að mega eiga þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignast.

2. gr.

Aftan við V. kafla. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. komi nýr kafli, er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

VI. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.

38. gr. Séu starfsmenn hlutafélags, sem skila að meðaltali 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjórtíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin

þrjú ár, öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn hlutafélagsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af hluthafafundi þá tölu stjórnarmanna, sem samsvarar því að sem næst $\frac{1}{2}$ hluti stjórnarmanna hlutafélagsins sé kjörinn af starfsmönnum þess, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skýlt er hlutafélaginu að láta slíka kosningu fara fram ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð sem hlutafélagið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn hlutafélagsins eða ef meira en helmingur starfsmanna hlutafélagsins sendir um það skriflega ósk til stjórnar þess. Slík ósk verður að hafa borist stjórn hlutafélagsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan hluthafafund (ársfund), ella er stjórn hlutafélagsins ekki skýlt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn hlutafélags borist lögmæt ósk um að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látið fara fram, og skal þá stjórn hlutafélagsins án tafar tilkynna þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, og starfsmönnum sjálfum um að slík kosning verði látin fara fram.

39. gr. Kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum hlutafélagsins og þremur varamönnum þeirra annast undirbúning kosninganna og framkvæmd þeirra. Stjórn hlutafélagsins tilnefnir einn kjörnefndarmanninn og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, tilnefna tvo kjörnefndarmenn og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að stjórn hlutafélagsins hefur tilkynnt, sbr. 38. gr., að kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látin fara fram.

40. gr. Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins sem unnið hafa samfellt starf hjá hlutafélaginu í hið minnsta þrjú mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins sem fullnægja ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. og hafa auk þess unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

41. gr. Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum fyrirtækisins taka sæti í stjórninni strax á fyrsta fundi stjórnarinnar að loknum reglulegum hluthafafundi (ársfundi) og sitja í stjórninni með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. Kjörtímabil þeirra skal vera hið sama og annarra stjórnarmanna. Hlutafélagið skal skapa stjórnarmönnum kjörnum af starfsfólki aðstöðu til þess að halda a. m. k. tvisvar á ári reglulega fundi með starfsfólki fyrirtækisins um málefni hlutafélagsins.

42. gr. Nú hefur kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram, og skal þá endurtaka slíkar kosningar reglulega án þess að sérstök ósk þar um þurfi að berast, svo fremi ákvæðum 1. mgr. 38. gr. sé fullnægt. Heimilt er þó að láta slíka kosningu niður falla ef skrifleg ósk berst um það frá a. m. k. helmingi starfsmanna hlutafélagsins og verkalýðsfélög þau, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð er hlutafélagið starfrækir, mæla með því. Hverfa þá stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum úr stjórn þess þegar kjörtímabil þeirra er útrunnið og engir koma í þeirra stað. Hafi slíkt gerst og komi síðar upp ósk um að starfsmenn fái á ný að kjósa úr sínum hópi stjórnarmenn í hlutafélaginu, fer um það samkvæmt ákvæðum 38. gr.

43. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni kjörnefnda og framkvæmd kosningar. Allur beinn kostnaður við störf kjörnefndar og kosningu fulltrúa starfsfólks í stjórn hlutafélags greiðist af viðkomandi hlutafélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Tilgangurinn með frv. þessu er sá, að fyrsta skrefið verði stigið í þá átt, að viðurkennt verði að sköpun verðmæta byggist framur öðru á vinnuframlagi manna og þeir, sem vinnuna leggja fram, eigi því að sjálfsögðu að hafa áhrif á ráðstöfun verðmætanna. Með því að veita vinnandi fólki rétt til aðildar að stjórn fyrirtækis þess, sem það starfar fyrir, er stefnt í átt til atvinnulýðræðis, en lýðræði í efnahags- og atvinnumálum er vitaskuld aðeins eðlilegt framhald sams konar þróunar á sviði stjórn mála og félagsmála. Á sama hátt og ekkert samfélag er frjálst þar sem frelsi er takmarkað við aðeins einstaka þætti mannlegra samskipta getur ekkert samfélag talist lýðræðislegt nema það, sem virðir og viðurkennir sömu grundvallarreglur lýðræðis jafnt í atvinnu- og efnahagsmálum sem í félags- og stjórn mála.

Af eðlilegum ástæðum hafa lýðræðislegar framfarir jafnan fyrst orðið á sviði stjórn mála og félagsmála og síðan breiðst út til annarra sviða mannlegra samskipta. Meðal margra nágrannaþjóða okkar er þessa t. d. löngu farið að gæta á sviði efnahags- og atvinnu mála. Má rekja áhrif frá lýðræðislegri framþróun í stjórn mála á efnahags- og atvinnu mál allt aftur til ársins 1912 í þessum löndum. Sem dæmi um síðari tíma framfarir má t. d. nefna að í Noregi eru í gildi lög, sem veita starfsmönnum aðild að stjórn um fyrirtækja, og má rekja undirbúning þeirrar laga-setningar allt aftur til ársins 1953. Í Danmörku eiga þessi mál sér einnig langa sögu, en þar hafa síðan 1. janúar 1974 verið í gildi lög sem heimila starfsmönnum fyrirtækja að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn þeirra, og í Vestur-Þýskalandi og í Júgóslavíu er ástandið svipað. Hér á Íslandi hefur hins vegar lítið sem ekkert gerst í þessum efnunum ef frá eru taldar veikburða tilraunir örfárra aðila í atvinnu- rekstri til þess að hafa samráð við starfsfólk sitt um stjórnunarmál. Stærstu og jafnframt nýjustu tíðindin eru án efa sú ákvörðun Sambands íslenskra samvinnu- félaga að heimila starfsmönnum að kjósa fulltrúa til setu á stjórnarfundum án atkvæðisréttar. Þessi ákvörðun er allra góðra gjalda verð, en sýnir í rauninni fátt annað betur en það, hversu langt við Íslendingar erum á eftir öðrum þjóðum í atvinnulýðræðismálum þegar það þykja markverð og ánægjuleg tíðindi á Íslandi, að eitt stærsta og völdugasta atvinnufyrirtæki landsmanna tekur upp takmarkað samráð við starfsfólk sitt á sama tíma og öll umtalsverð atvinnufyrirtæki í ýms- um nálægum löndum hafa um langt skeið haft fulltrúa starfsmanna í æðstu stjórn- um með fyllstu réttindum.

Þótt við Íslendingar getum staðist samjöfnuð við ýmsar nágrannaþjóðir okkar hvað varðar lýðréttindi á sviðum stjórn mála og félagsmála er ástandið í þessum efnunum í atvinnu- og efnahagsmálum svo forneskjulegt hjá okkur, að það minnr um margt á lénsskipulagið á miðöldum. Á sama tíma og allir án tillits til efna og ástæðna eiga — a. m. k. í orði kveðnu — sama rétt til íhlutunar um opinber mál; um stjórn landsins og sveitarfélags síns; er hnefaréttur fjármagnsins algerlega einráður í málefnum atvinnulífsins, þar er sá nánast algerlega réttláus sem aðeins hefur að bjóða orku hugar og handa. Það er mikill misskilningur, að afskipti ríkisvaldsins af efnahags- og atvinnu málum og starfsemi einstakra atvinnufyrirtækja breyti hér einhverju um. Þau afskipti geta verið góð eða ill, mikil eða lítil eftir atvikum, en þau geta aldrei komið í staðinn fyrir lýðræðis- leg réttindi einstaklingsins til áhrifa. Ríkisvaldið getur ekki gætt hagsmuna starfs- fólks fyrirtækja varðandi lýðræðislegan meðákvörðunarrétt með opinberri afskipta- semi af stjórnendum eða eigendum fyrirtækja fremur en ríkisvaldið getur tryggt hagsmuni sama fólks varðandi stjórn landsins með því að taka að sér að greiða fyrir það atkvæði í kosningum. Atvinnulýðræði og ríkisforsjá í atvinnu- og efna- hagsmálum er tvennt ólíkt.

Það sem hið opinbera vald hins vegar á að gera og getur gert, er að tryggja landsmönnum sambærilegt jafnrétti til áhrifa í atvinnu- og efnahagsmálum og þeir njóta í félags- og stjórn mála. Þetta þarf að sjálfsögðu að gera með sama

hætti í báðum tilvikunum — þ. e. a. s. með lagasetningu. Þarnig hefur málum verið hagað í þeim nálægum löndum sem vitnað var til að framan, og reynslan kennir okkur, að einnig með þeim hætti verðum við Íslendingar að halda á málum. Aðrar leiðir skila engum árangri. Það sést best af því, að 12 ár eru nú liðin frá því atvinnulýðræðismálum var fyrst hreyft á Alþingi. Í öllum þeim tilvikum, sem slíkar tillögur hafa komið til afgreiðslu, hafa þær verið látnar óafgreiddar með tilvísun til þess, að verið væri að athuga möguleika á samkomulagi um málið milli aðila vinnumarkaðarins. Þrátt fyrir vilja Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka um, að samkomulag af slíku tagi gæti náðst, hefur aldrei af því orðið og má segja að nefnd, sem sérstaklega var til þess skipuð árið 1973 að leita eftir slíku samkomulagi, hafi gefist algerlega upp við störf sín. Þetta er okkar reynsla. Sama reynsla varð einnig í öðrum löndum. Einmitt þess vegna var þar brugðið á það ráð að fela löggjafanum málið til úrlausnar, enda er hér um að ræða hreint og klárt löggjafatriði, algerlega sambærilegt við önnur slík um aukin lýðréttindi á sviði félagsmála eða stjórnmála. Að halda því fram að löggjafinn eigi ekki að hafa önnur afskipti af réttindum vinnandi fólks til lýðræðislegra áhrifa í efnahags- og atvinnumálum en þau að staðfesta samkomulag, sem e. t. v. kynni með tíð og tíma að verða gert milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda, t. d. í tengslum við vinnudeilur, er ósköp svipað og að halda því fram, að löggjafinn ætti ekki að hafa önnur afskipti af hugmyndum um að veita yngra fólki en tvítugu kosningarrétt í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum en þau að staðfesta samkomulag sem e. t. v. yrði einhvern tíma gert sem liður í samkomulagi milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins í tengslum við launamál — eða kannske milli SH og SÍNE annars vegar og hæstvirts menntamálaráðherra hins vegar í tengslum við lánamál!

Að veita starfsfólki atvinnufyrirtækja þau réttindi til áhrifa á stefnumótun þeirra, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er pólitísk ákvörðun. Hún er löngu orðin tímabær. Alþingi hefur of lengi skotið sér undan að taka hana með því að reyna að ýta vandanum af sér og yfir á aðra, sem bæði reynsla okkar og annarra sýnir að ekki eru þess umkomnir að leysa, enda hér um að ræða lýðréttindi sem eru löggjafatriði, en ekki samningsatriði. Öllu lengur geta alþingismenn ekki látið þessi mál upp á sig standa.

Á síðasta Alþingi fluttum við flm. þessa frv. frumvarp til laga um atvinnulýðræði á þskj. 315, en einn kaflinn í því frv. fjallaði um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 77/1921. Frv. það, sem hér er flutt, er efnislega samhljóða þeim kafla. Frv. hefur þó verið einfaldað nokkuð frá upphaflegri gerð, m. a. í þá átt að fella niður nákvæm fyrirsmáli um framkvæmd kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga og um verksvið kjörnefnda. Þess í stað er ráð fyrir því gert í frv., að ráðherra setji nánari fyrirsmáli um slík framkvæmdaatriði í reglugerð.

Í umræðum um frv. til laga um atvinnulýðræði, sem fram fóru á síðasta þingi, komu einnig fram ábendingar um, að hafður yrði annar háttur á flutningi málsins en þá var, en í því frv. var gert ráð fyrir breytingum á allmörgum lögum auk þess sem í upphafskafli frv. var fjallað um samstarfsnefndir, sem er nýjung og á ekki heima í öðrum lögum. M. a. vegna þessara ábendinga hefur sú leið nú verið valin við endurflutning málsins að flytja það, sem fólst í frv. til l. um atvinnulýðræði, sem fjögur sjálfstæð mál — b. e. a. s. frv. það, sem hér er lagt fram, frv. til l. um samstarfsnefndir, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins og frv. til l. um breyt. á l. um Sementsverksmiðju ríkisins. Aðeins einn háttur stendur þá eftir af frv. til l. um atvinnulýðræði sem flutt var í fyrra, en það er IV. kafli þess, sem fjallaði um breyt. á l. um samvinnufélög, nr. 46/1937. Samvinnuhreyfingin hefur nú þegar tekið ákveðið frumkvæði um þessi mál, sem að framan var um rætt, svo fastlega má ætla, að ef frv. þetta og fylgfrv. þess ná sambykki breytt eða óbreytt muni samvinnufélögin af eigin hvötum fylgja því fordæmi. Verði ekki svo er auðvitað hægt vandi að koma því í kring með sambærilegum breytingum á lögum um samvinnufélög. Rétt er að benda á,

að einmitt þessi sami háttur var á hafður í Noregi þegar hlutafélagalögunum var breytt þar árið 1971—1972.

Með frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315, sem flutt var í fyrra, er að finna ýtarlega grg. með upplýsingum um atvinnulýðræði, þróun þeirra mála í nálægum löndum og jafnframt rakin saga þeirra mála hér á Íslandi. Einnig er þar að finna ábendingar um efnisatriði sem eiga enn við. Ástæðulaust er að endurprenta þetta allt að þessu sinni og er því látið nægja að vísa til umræddra atriða í grg. frv. um atvinnulýðræði á þskj. 315, sem prentuð er í þingtíðindum.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Þessi grein frv. er í tveimur stafliðum. Hún gerir aðeins ráð fyrir minni háttar breytingum, nánast aðeins orðalagsbreytingum, á núgildandi lagaákvæðum. Þessar orðalagsbreytingar verður þó að gera svo kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga verði við komið.

Orðalagsbreytingin í staflið a) í 1. gr. frv. er á þá lund, að síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laga um hlutafélög, sem nú hljóðar þannig: „Þá skal kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri . . .“ verði: „Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn . . .“. Þessi breyting er aðeins til þess gerð, að tekin verði af öll tvímæli um að einnig sé hægt að kjósa í stjórn hlutafélags af öðrum en hluthöfum á aðalfundi — þ. e. a. s. af starfsmönnum hlutafélags, ef það uppfyllir skilmála 2. gr. frv.

Stafliður b) er einnig umorðun gerð í sama skyni á gildandi ákvæðum laga um hlutafélög. Efnislega er breytingin, sem lögð er til, sú, að 1. mgr. 32. gr. laganna, sem nú er einn málsliður, verði gerð að tveimur, en öll efnisatriði mgr. standi óbreytt. Í 1. mgr. 32. gr. er fjallað um skilmála þá, sem þeir verða að uppfylla sem kjörnir eru í stjórn hlutafélags. Eins og nú standa sakir, þar sem mgr. þessi er einn málsliður, eru skilmálarnir þeir, að viðkomandi verður að vera lögráður, fjár síns ráðandi, hluthafi í félaginu og fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu sem félagið rekur eða ætlar að reka o. s. frv. Óeðlilegt er að stjórnarmaður, sem kjörinn er af starfsmönnum fyrirtækisins, þurfi að uppfylla öll þessi skilyrði — t. d. síðari skilmálana tvo: um hlutfjáreign og um að mega reka þá atvinnu sem félagið rekur. Því er sú breyting gerð á orðalagi mgr. í staflið b) í 1. gr. frv., að mgr., sem var einn málsliður, er gerð að tveimur málsliðum. Í fyrri málsliðnum segir, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og fjár síns ráðandi. Skv. frv. eiga þessir skilmálar að gilda um alla stjórnarmenn án tillits til hver kys þá. Síðari málsliðurinn á síðan aðeins við þá stjórnarmenn sem kjörnir eru af hluthöfum, en þar segir að slíkir menn verði auk framanritaðra almennra skilmála að vera hluthafar í félaginu og fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu sem félagið rekur o. s. frv.

Breytingin er sem sé aðeins um framsetningu, en hefur engar efnisbreytingar í för með sér gagnvart hluthöfum og fulltrúum sem þeir kjósa til setu í stjórn.

Við 2. gr.

Í þessari grein er fólgin sú efnisbreyting sem með frv. er ætlað að gera á lögum um hlutafélög. Hér er lagt til að nýjum kafla verði bætt inn í gildandi lög um hlutafélög. Verði kafli þessi VI. kafli laganna og hljóti heitið: „Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.“ Í kafla þessum eru skv. frv. alls 6 gr., sem yrðu 38. til og með 43. gr. laganna. Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um hverja þessara greina fyrir sig.

38. gr. Í grein þessari er fjallað um til hvaða hlutafélaga breytingin með frv. á að taka. Bæði í Noregi og í Danmörku var talið óráðlegt, þegar sambærilegar breyt. á l. um hlutafélög voru gerðar, að ákvæðin um, að starfsmenn öðluðust rétt

til þess að kjósa fulltrúa úr sínum hópi til þátttöku í stjórnun hlutafélagsins, næðu til allra hlutafélaga án tillits til umsvifa. Í Noregi t. d. er miðað við að hlutafélagið hafi minnst 50 manns í þjónustu sinni, svo ákvæðin um rétt starfsmanna til kjörs á fulltrúum til setu í stjórnnum náí til þeirra, og ef hlutafélagið hafi 200 manns eða fleiri starfandi á sínum vegum verði enn önnur skipan höfð á — þ. e. a. s. að þá verði kjörið sérstakt fyrirtækjaráð skipað að $\frac{2}{3}$ fulltrúum eigenda, en að $\frac{1}{3}$ fulltrúum starfsmanna er síðan kjósi úr sínum hópi stjórn fyrirtækisins.

Í frv. þessu er höfð nokkru lægri viðmiðun en notuð er í Noregi — miðað er við 40 starfsmenn að meðaltali undanfarin þrjú ár sem lágmark og starfsmaður í þessu sambandi talinn sá sem skilar sem svarar hálf dags vinnu eða meiru að jafnaði. Starfsmenn slíkra hlutafélaga fá skv. ákvæðum gr. rétt til að kjósa fulltrúa úr sínum hópi í stjórn félagsins. Skulu fulltrúar þannig kjörnir vera sem næst $\frac{1}{3}$ hluti stjórnarmanna, en þó aldrei færri en tveir. Er þetta sambærilegt við ákvæði norskra laga um sama efni. Samkvæmt þessu geta stjórnarmenn hlutafélags, sem hefur 40 starfsmenn eða fleiri, fæstir verið 5 (3 fulltrúar hluthafa, 2 fulltrúar starfsmanna) ef starfsmenn nota rétt sinn til kosninga, en 3 fæstir, ef starfsmenn nota ekki sinn rétt.

Í 2. mgr. 38. gr. eru svo ákvæði um, hvenær hlutafélagi er skylt að láta efna til kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn. Það getur orðið með tvennu móti. Í fyrsta lagi ef meira en helmingur starfsmanna fyrirtækisins óskar skriflega eftir því að fá að nota þann rétt sem frv., ef að lögum verður, veitir þeim. Í öðru lagi ef verkalýðsfélög þau, sem eiga fulltrúa á vinnustöð, sem félagið starfrækir, krefjast þess. Frumkvæðið getur sem sé verið hjá tveimur aðilum. Hjá starfsmönnum sjálfum annars vegar. Hjá viðkomandi verkalýðsfélögum hins vegar. Þá eru einnig í þessari mgr. ákvæði um, fyrir hvaða tíma slíkar óskir verða að hafa borist svo hlutafélaginu sé skylt að verða við þeim í það sinnið.

Ástæða er til þess hér að vekja aftur athygli á því atriði í frv., að það gerir ráð fyrir að veita starfsmönnum hlutafélaga af tiltekinni stærð rétt til að kjósa úr sínum hópi fulltrúa til stjórnarsetu, en leggur ekki slíka skyldu þeim á herðar. Það er svo starfsmanna eða stéttarfélag þeirra að ákveða, hvort þann rétt eigi að nota.

39. gr. fjallar um kjörnefnd sem stýra á kjöri á stjórnarmönnum starfsmanna hlutafélags. Er ráð fyrir því gert, að stjórn hlutafélagsins tilnefni einn kjörnefndarmann og varamann hans, en viðkomandi verkalýðsfélög tvo og varamenn þeirra. Í 43. gr. eru svo ákvæði um að ráðherra ákveði nánar í reglugerð verk- og valdsvið kjörnefndar og um framkvæmd kosninganna.

40. gr. mælir fyrir um, að allir starfsmenn viðkomandi hlutafélags, sem unnið hafa samfellt starf hjá félaginu í minnst 3 mánuði áður en kosning fer fram, hafi rétt til að kjósa. Engin önnur skilyrði eru sett fyrir kosningarrétti — t. d. engir skilmálar um lágmarksaldur starfsmanna. Slíkir skilmálar eru hins vegar settir hvað kjörgengi starfsmanna varðar, því auk þess að hafa unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram verða starfsmenn að fullnægja ákvæðum fyrri málslíðar 1. mgr. 32. gr. eins og hann yrði skv. frv. — þ. e. a. s. að viðkomandi sé lögráður og fjár síns ráðandi — til þess að hljóta kjörgengi.

41. gr. fjallar um, að kjörgengi stjórnarmanna kjörinna af starfsfólki hlutafélags sé hið sama og annarra stjórnarmanna, að þeir taki sæti í stjórninni strax á fyrsta fundi hennar að loknum aðalfundi eins og aðrir stjórnarmenn og sitji í stjórninni með sömu réttindum og þeir sem kjörnir eru af hluthöfum. Í greininni eru einnig fyrirmæli um, að hlutafélagið skuli skapa fulltrúum starfsmanna í stjórn félagsins aðstöðu til þess að halda a. m. k. tvisvar á ári fund með starfsfólki til þess að ræða málefni félagsins, vinnustaðamál o. fl. Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að fulltrúar starfsmanna í stjórnnum hlutafélaga hafi meira samráð og samstarf við starfsmenn fyrirtækisins en aðeins í þessi tvö skipti á ári, en þau ákvæði eru sett

hér inn til þess að tryggja a. m. k. ákveðið lágmarkssamráð milli starfsmanna og stjórnarmanna þeirra.

42. gr. fjallar um, hvernig endurtaka eigi kjör á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags, en ástæðulaust er að fara í hvert skipti eins að og þegar fyrsta kjör á sér stað. Þá er í grein þessari einnig gert ráð fyrir því, að slíkt endurkjör geti fallið niður ef sömu aðilar og segir í 2. mgr. 38. gr. að frumkvæði geti átt að því, að réttur starfsmanna hlutafélags til þess að kjósa stjórnarmenn úr sínum hópi verði notaður, koma sér saman um að fella slíkt kjör niður — þ. e. a. s. meiri hluti starfsmanna félagsins og viðkomandi verkalýðsfélög.

Við 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.